



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Sunnuás

2021 – 2022



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

|                                                              |           |
|--------------------------------------------------------------|-----------|
| Greinargerð leikskólastjóra .....                            | 3         |
| 1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....        | 4         |
| 2 Innra mat Hlíðarendi .....                                 | 9         |
| 3 Innra mat Langisandur.....                                 | 11        |
| 4 Innra mat Ás .....                                         | 12        |
| 5 Innra mat Langholt .....                                   | 14        |
| 6 Innra mat Álfabrekka .....                                 | 16        |
| 7 Innra mat Barnhóll.....                                    | 18        |
| 8 Innra mat Dyngja .....                                     | 20        |
| 9 Innra mat sérkennslu.....                                  | 23        |
| 10 Innra mat – fjöltyngd börn .....                          | 26        |
| 10 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....                       | 28        |
| 11 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 28        |
| 12 Foreldrasamvinna .....                                    | 29        |
| 13 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                  | 30        |
| 14 Fylgigögn.....                                            | 31        |
| <b>14.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>         | <b>32</b> |



Leiðarljós leikskólans eru: að í leikskólanum Sunnuási ríki virðing fyrir einstaklingum og umhverfinu, sjálfræði, sköpun og leikgleði.

## **Greinargerð leikskólastjóra**

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu mánuðum í leikskólanum Sunnuás þar sem nýtt stjórnunarteymi tók til starfa þann 1. febrúar. Agnes Ólafsdóttir var ráðin í stöðu leikskólastjóra af Ólöfu Helgu Pálmadóttur sem búin var að stjórna leikskólanum frá árinu 2011 eða í 10 ár. Einnig hætti aðstoðarleikskólastjórinn í byrjun mars og verkefnastjóri Sunnuáss fór í veikindaleyfi sem hún er enn í. Leikskólastjóri hefur nýtt tímann síðustu mánuði í að kynna starfsfólki og börnum ásamt foreldrum. Það hefur verið fremur erfitt að ná til foreldra þar sem Covid-19 hefur verið frá því hann tók við og ekki verið auðvelt að funda með foreldrum eða halda einhverskonar uppákomur, því hefur leikskólastjóri reynt að vera sýnilegur inn á deildum og í útiveru í lok dags. Einnig hefur verið ráðinn nýr aðstoðarleikskólastjóri og heitir hún Rakel Ólafsdóttir og tekur til starfa 1. ágúst 2021 og hlökkum mikið til að fá hana inn í þann góða hóp starfsmanna sem fyrir er.

Frá því í febrúar hefur verið mikil tiltekt í húsunum og reynt að betrubæta húsnæði. Á síðustu mánuðum hefur verið þónokkuð um framkvæmdir sem er mjög jákvætt og eru allir mjög þakklátir þeirri framkvæmd. Nýr leikskólastjóri hefur nýtt tímann síðustu mánuði í að átta sig á áherslum skólans, skipulagi, hefðum og menningu hans til að geta tekið ákvarðanir um framtíð leikskólans. Flest allt starfsfólk skólans tók nýjum leikskólastjóra mjög vel en hann gerir sér grein fyrir að breytingar geta verið mörgum erfiðar. Hann hefur reynt eftir fremsta megni að taka tillit til ólíkra þarfa einstaklinga og menningar skólans sem er núverandi leikskólastjóra ókunnar. Foreldrar hafa tekið leikskólastjóra mjög vel og hefur hann fundið fyrir jákvæðni í sinn garð og fengið bæði mörg samtöl og símtöl um jákvæða upplifun þeirra af nýjum stjórnanda. Við höfum á síðustu mánuðum náð að fylla skólann af börnum og hafa ráðningar fyrir sumarið gegnið vel.

Það verða einhverjar breytingar á áherslum skólans með nýjum stjórnendum nú í haust sem verða lagðar fyrir foreldraráð leikskólans í byrjun skólaárs. Starfsfólk skólans er því vel



kunnugt að einhverjar áherslubreytingar verða næsta skólaár og eru opnir fyrir þeim. Eitthvað mun vanta af starfsfólki í haust og vonandi ganga ráðningar haustsins vel og við fáum gott starfsfólk í þann góða hóp starfamanna sem fyrir er.

## 1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### Innra mat

Á starfsdegi leikskólans þann 18. janúar var farið í endurmat og umbótaþætti hvernar deildar, þar sem mat á áherslum skólaársins 2020-2021 var lagt fyrir. Hver deild settist niður og gerði sitt eigið mat sem má sjá hér að neðan en þær spurningar og áherslur sem lágu fyrir endurspegluðu einkunnarorð leikskólans. Spurningar á borð við hvernig gekk að halda úti áherslum og markmiðum sem settar voru í byrjun skólaárs? Svo ef ekki gekk hvernig má ná tilsettum markmiðum? Svo að lokum hvað gekk vel og hvað ekki? Heilt yfir gekk skólaárið sinn vanagang og starfsfólk leikskólans sát.

| Hvað var metið?                        | Hvernig fór matið fram?                           | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar) |
|----------------------------------------|---------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|
| <b>Deildarstarf</b>                    | Á starfsdeginum 18. janúar- hver deild fyrir sig. | Starfsmenn leikskólans inn á sínum deildum.                      | Helstu niðurstöður mats liggja ekki fyrir.          |
| <b>Útikennsla</b>                      | Á starfsdeginum 18. janúar- hver deild fyrir sig  | Starfsmenn leikskólans inn á sínum deildum.                      | Sjá á innra mati viðkomandi deildar.                |
| <b>Grænfáninn</b>                      | Á starfsdeginum 18. janúar- hver deild fyrir sig. | Starfsmenn leikskólans inn á sínum deildum.                      | Sjá á innra mati viðkomandi deildar.                |
| <b>Barnasáttmálinn</b>                 | Á starfsdeginum 18. janúar- hver deild fyrir sig. | Starfsmenn leikskólans inn á sínum deildum.                      | Sjá á innra mati viðkomandi deildar.                |
| <b>Félagsfærni- Töfrar bernskunnar</b> | Á starfsdeginum 18. janúar- hver deild fyrir sig  | Starfsmenn leikskólans inn á sínum deildum.                      | Sjá á innra mati viðkomandi deildar.                |



## Ytra mat

Ytra mat leikskólans skólaárið 2020-2021 samanstóð af tveimur könnunum. Starfsmannakönnun til að skoða starfsmannaánægju og svo foreldrakönnun til að skoða ímynd og ánægju með leikskólann. Niðurstöður þessara kannana verða teknar fyrir og kynntar starfsfólki. Hægt er að sjá hvernig staðið var að þessum könnunum í töflunni hér að neðan:

| Hvað var metið?          | Hvernig fór matið fram?                         | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|--------------------------|-------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Starfsmannaánægja</b> | Send var út könnun í tölvupósti til starfsmanna | Allir starfsmenn fengu könnunina í tölvupósti.                   | Niðurstöður starfsmannakönnunar voru áhugaverðar og greinilegt að þar þarf ýmislegt að bæta. Þar má nefna þætti eins og ímynd leikskólans, móttaka nýrra starfsmanna, fræðsla og þjálfun og vinnuálag. Þættir sem fengu hátt skor voru upplýsingaflæði, starfsánægja og starfsöryggi.                                                      |
| <b>Foreldrakönnun</b>    | Send var út könnun í tölvupósti til foreldra.   | Allir foreldrar fengu könnunina í tölvupósti.                    | Niðurstöður foreldrakönnunar sem tekin var í mars 2021 sýndu fram á mikla breidd hvað varðar ánægju foreldra. Almennt var talið að barni líði vel og er öruggt í leikskólanum. Þó voru þættir tengdir foreldrum, aðgengi þeirra að skólanum og samskiptum ábótavant. Allt sem viðkemur börnunum er innan eðlilegra marka sem er góð þróun. |



## Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Með nýjum leikskólastjóra fylgja yfirleitt breytingar og að svo stöddu verða áherslur leikskólans breyttar og nýjar koma inn í staðin. Með nýju skólaári er stefnt að eftirfarandi:

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikur að læra hugsa námsefnið út frá sjónarhorni barna og þörf þeirra til að hreyfa sig og leika sér. Leikur að læra er að mestum hluta kennarastýrður leikur en þar sem frjálsi leikurinn fær sitt rými. Kennarinn getur nýtt einstaka hugmyndir leikur að læra eða farið skref fyrir skref eftir heildstæðum kennsluáætlunum aðferðarinnar. Þetta hentar því bæði fyrir reynda og óreynda kennara. Leikur að læra er kennslustíll en ekki ein bók eða spil eða ein námsgrein. Kennari sem hefur tileinkað sér kennsluhætti leikur að læra fer að hugsa námsefnið út frá sjónarhorni barna og þörf þeirra til að hreyfa sig. Búið er að hafa samband við Kristínu eiganda kennsluaðferðarinnar og verður hún með fyrirlestur/kynningu á aðferðinni á fyrsta starfsdegi okkar, 27. ágúst. Stefnt er að því að öll börn leikskólans fari í skipulagðar leikur að læra stundir aðlagðar eftir þeirra aldri og getu.

Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti og er ætlað leik- og grunnaskólum. Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Í vináttuverkefninu er unnið með umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Fyrir næsta skólaár er búið að kaupa vináttutöskur fyrir eldri og yngri börn leikskólans og svo vera keyptir litlir bangsar sem verða sýnilegir og aðgengilegir börnunum. Vináttuverkefnið mun láta gott af sér leiða þar sem barnahópurinn í leikskólanum er mjög fjölbreyttur.

Fjölmenningin vísar til staða þar sem ólíkir einstaklingar með margvíslega menningu (menntun, aldur, kyn, kynhneigð, lífstíl, hefðir, siði, trú og þjóðerni) býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli. Á næsta skólaári verður sérstök áhersla sett á fjölmennunguna og snemmtæka íhlutun í kjölfari hennar. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólann sem mun hafa yfirumsjón með fjölmenningunni og vera í samstarfi við þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar sem er að fara í þróunar- og átaksverkefni með fjölmennunguna. Þjónustumiðstöðin er að taka inn svokallaðan hæfniramma og



móttökuáætlun til að fylgjast með líðan og framförum barna með annað tungumál. Að svo stöddu er verkefnið ekki orðið alveg skýrt en þó er það á hreinu að mikið verður lagt upp með málörvun, Gefðu 10 og skráningar.

Mikil áhersla verður lögð á gott og skýrt skipulag. Með breyttum áherslum komandi skólaárs verður skipulag að vera til staðar. Skipulag um hvenær deildir eiga hvaða rými, skipulag með útiverunni og svæðum þar, skipulag með vinnutíma, þríf inni á deildum og svo loks skipulag með tímastarfsmönnum og styttingu vinnuvikunnar. Þá verður líka sett niður skipulag sem verður vel samræmt á milli deilda, svo það sé alveg skýrt til hvers er ætlast af starfsfólki, á það að auðvelda samvinnu á milli deilda. Agastefnan í leikskólanum verður tekin fyrir og unnið verður aðeins með hana. Hún verður að vera mun sýnilegri og starfsfólk verður að kunna inn á hana þegar þeir lenda í vissum aðstæðum. Svo heilt yfir verður farið í þá vinnu að samræma verkferla innan leikskólans. Á þetta að veita bæði starfsfólki og börnum öryggi.

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR     | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                                                            | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                          | Ábyrgð                  | Hefst     | Loki<br>ð | Hvernig<br>metið/aðfe<br>rðir?                                         | Viðmið um<br>árangur                                                           |
|---------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|-----------|-----------|------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Stjórnun</b>                 |                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                 |                         |           |           |                                                                        |                                                                                |
| <b>Áætlanir</b>                 | Að fylgjast vel með öllum verkefnum og gera áætlanir fyrir hvert verkefni og svo skila þeim frá sér þegar það á við.                              | Hafa heildar-yfirsýn með komandi verkefnum og hvert þau stefna                                                                                  | Stjórnendur leikskólans | Sept 2021 | Mai 2022  | Á ekki við.                                                            | Þegar yfirsýn yfir verkefni er góð og allar áætlanir standast og á sínum stað. |
| <b>Fagfundir</b>                | Með komandi skólaári stefnum við á að vera með fagfundi reglulega. Með breyttum áherslum þarf að vera með fagfundi til að fylgjast með framvindu. | Með því að boða fag-menntað fólk reglulega á fundi til að fylgjast með framvindu.                                                               | Stjórnendur leikskólans | Sept 2021 | Mai 2022  | Á ekki við.                                                            | Þegar verkefni nýrra áhersla ganga upp og allir njóta saman.                   |
| <b>Uppeldis- og menntastarf</b> |                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                 |                         |           |           |                                                                        |                                                                                |
| <b>Leikur að læra</b>           | Taka inn kennslu-aðferðina Leikur að læra. Þar sem skipulagðar stundir eiga sér stað 2x í viku. Börnin læra í gegnum hreyfingu.                   | Starfsfólk Sunnuáss sækir grunnnámskeið í leikur að læra. Hafa reynda starfsmenn til staðar til að leita ráða hjá. Leikur að læra stundir verða | Stjórnendur leikskólans | Sept 2021 | Mai 2022  | Metið reglulega með fagfundum og deildarfundum. Svo væri sniðugt að fá | Velliðan og aukin kunnátta/færni hjá börnum. Kennarar með áhuga á stundunum.   |



|                                  |                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                          |              |           |                                                                             |                                                                                                                                         |
|----------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|--------------|-----------|-----------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                  |                                                                                                                                                                                                                                                   | 2x í viku og verða aðlagðar hverjum aldri.<br>Kennsluáætlanir verða til staðar.                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                          |              |           | Kristínu frá Leikur að læra til að taka stöðuna þegar líður á árið.         |                                                                                                                                         |
| Vinuáttu-verkefni Barnaheilla    | Taka inn áherslur vinnuáttu-verkefnis Barnaheilla þar sem áhersla er á vináttu og tilfinningar barna.                                                                                                                                             | Hver deild mun útbúa sína útfærslu á vináttuverkefninu. Hvort það sé í samverustundum eða hópastarfi. Að þessar stundir séu að meðaltali 1-2 í viku.                                                                                                                                                                                       | Stjórnendur leikskólans                                  | Sept 2021    | Maí 2022  | Metið á deildarfundum hvernar deildar.                                      | Velliðan og aukin tilfinninga-tjáning hjá börnunum. Kennarar og börn með áhuga á stundunum.                                             |
| Fjölmennning og snemmtæk íhlutun | Að fylgjast með börnum af erlendum uppruna. Gera þeim grein fyrir þeirri þjónustu sem er til staðar á vegum þjónustumiðstöðvar. Taka inn móttökuáætlun og hæfniramma til að fylgjast með málörvun. Skipuleggja Málörvun og fylgja eftir GEFÐU 10. | Að ráða inn starfsmann yfir fjölmennningunni. Sem verður tengiliður við þjónustumiðstöð og miðlar upplýsingum til deildarstjóra og starfsfólks. Verkefnið er ekki orðið 100% skýrt svo það verður gaman að sjá hvert það leiðir okkur. En mikil áhersla verður á málörvun. Við minnsta grun framfylgja honum, leyfa barni að njóta vafans. | Verkefnastjóri fjölmennningar og stjórnendur leikskólans | Sept 2021    | Maí 2022  | Ýmist metið á fagfundum, deildarfundum eða jafnvel með þjónustumiðstöðinni. | Almenn velliðan hjá nýjum og erlendum börnum. Betra upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Að barn nái að fylgja eftir hæfniviðmiðum. |
| Mannauður/Leikskóla-bragur       |                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                          |              |           |                                                                             |                                                                                                                                         |
| Starfsmanna-samtöl               | Taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn leikskólans. Að minnsta kosti 1x næsta skólaár. Vera almennt í betri samskiptum við starfsmenn. Taka svo upplýsingar frá þessum viðtölum og vinna með þær.                                             | Vera skipulögð og byrja tímanlega í starfsmannasamtölu m. Skipta þeim kannski niður á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Taka svo upplýsingar og vinna með þær til að vinna að betra vinnuumhverfi.                                                                                                                         | Leikskóla-stjóri og aðstoðarleikskólastjóri              | Febrúar 2022 | Mars 2022 | Hvort það næst að taka alla starfsmenn í starfsmanna viðtal.                | Aukin velliðan hjá starfsfólki.                                                                                                         |
| Kannanir                         | Senda út kannanir til að fá ytra mat á starfi leikskólans.                                                                                                                                                                                        | Vinna vel og skipulega með þær upplýsingar sem koma fram ytra mati og betrubæta.                                                                                                                                                                                                                                                           | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.              | Óvíst        | Óvíst     | Hvort það hafi verið sendar kannanir eða ekki.                              | Betri leikskóli                                                                                                                         |
| Innra mat                        |                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                          |              |           |                                                                             |                                                                                                                                         |





|                       |                                                                                                                                                                                                             |                                                                                                               |                              |              |              |                                                                                                   |                                                                                                  |
|-----------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------|--------------|--------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Deildarfundir         | Með komandi skólaári stefnum við á að halda deildarfundum á tveggja vikna fresti.                                                                                                                           | Með góðu samstarfi og samvinnu á milli deilda.                                                                | Allt starfsfólk leikskólans. | Sept 2021    | Maí 2022     | Með vel skipulagðri deild. Þegar það sem er talað um á deildarfundum er tekið fyrir og framkvæmt. | Sáttir og skipulagðir starfsmenn                                                                 |
| Endurmat á starfsdegi | Í lok skólaárs verður skipulagður einn starfsdagur til að fara í endurmat og umbótaþætti. Þar verður farið í alla þættina sem teknir voru fyrir í fyrri starfsáætlunum og metið hvernig staðið var að þeim. | Hver deild sest niður með viðkomandi þætti í huga og metur sín á milli og skilar svo inn til leikskólastjóra. | Allt starfsfólk leikskólans  | Ekki ákveðið | Ekki ákveðið | Erfitt að segja                                                                                   | Erfitt að segja. Að þessi starfsdagur hafi átt sér stað og allar deildir skila af sér endurmati. |

## 2 Innra mat Hlíðarenda

Á Hlíðarenda eru að jafnaði 23 börn, fædd á árunum 2015-2016. Með þessum barnahópi fylgir að jafnaði 3-4 starfsmenn. Á Hlíðarenda eru elstu börnin og mikið lagt upp úr skipulögðu starfi. Aðlögun nýrra barna og á milli deilda gekk vel og skólaárið fór vel af stað. Farið var í reglulegar ferðir og unnið með þær, skráðar niður af börnum og starfsfólki. Covid19 bylgjur skulu á nokkrum sinnum yfir skólaárið sem setti smá strik í reikninginn þegar kom að skipulögðu starfi. Svo bitnaði starfsmannaekla og þá skortur á starfsmönnum oft á hópastarfi á Hlíðarenda. Áhugi starfsmanna liggur mikið í útiverunni svo sérstaklegar áherslur voru á útikennsluna og Grænfánann. Öll börn settu niður blómafræ og tóku blómin með sér heim fyrir sumarfrí. Það var ræktaðir tómatar ásamt gúrkum inn á deild. Í matjurtagarðinum voru ræktaðar gulrætur, kartöflur og radísur. Börnin lærðu ræktunarferli kartöflunnar ásamt því þekkja þau rotnunarferlið og tala þátt í moltugerðinni. Starfsmenn á Hlíðarenda þekkja allir einkunnarorð Sunnuáss en vilja vinna meira markvisst með þau.

Barnahópurinn á Hlíðarenda er mjög stór og fjölbreytilegur. Farið var í verkefni að skoða vel hópinn og meta þarfir hvers og eins. Nokkur börn fengu stuðning og önnur eru í ferli hjá sérkennslustjóra. Vegna fjölbreytileikans er mikið unnið með vináttuna og virðingu. Við veltum fyrir okkur hvað það er að vera góður vinur og æfum okkur í því við ýmsar aðstæður. Húsnæði og sjálf deildin er stórt hús á lóð leikskólans sem er mjög skemmtilegt fyrir elstu börnin. Þó er



kominn tími á smá framkvæmdir sem gerðu það að verkum að sjaldan er farið niður í kjallarann. Listasmiðjan var færð upp sem gerði aðgengi að opnum efniviði mjög gott og nýttist það vel í jólagjöfum til foreldra. Jólaverkstæðið þetta skólaár var svo covid19 miðað og fengu foreldrar ekki að taka þátt í því. Allt gekk þó vel og var aldrúmsloftið mjög afslappað og allir fengu að njóta sín.

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                               | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                   | Ábyrgð                               | Hefst     | Lokið     | Hvernig<br>metið/aðferðir?                          | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                      |
|-----------------------------|----------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------|-----------|-----------|-----------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Að börnin öðlist umhverfisvitund og njóti þess að vera úti.          | Alla jafna vikulega var útikennsla. Eftir útikennslu var unnið með ferðir og þær skráðar niður                                                                                                           | Deildarstjóri og deildar-starfsfólk. | Sept 2020 | Júní 2021 | Með deildarfundum og áhugasviði barnanna.           | Börnin eru spennt, hlakka til og eru áhugasöm. Að farið sé í útikennslu 1x í viku. Markmiði náð í útikennslu                                              |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist umhverfisvitund og betri virðingu fyrir umhverfinu. | Mikið var lagt upp með ræktun heilt yfir skólaárið. Grænmeti, blóm og svo framvegis. Börnin fengu fræðslu um rotnunarferlið og moltugerðina. Ásamt því að vera virkir þátttakendur í moltunni og flokkun | Deildarstjóri og deildar-starfsfólk. | Sept 2020 | Júní 2021 | Með deildarfundum og hugmyndasöfnun                 | Heilt yfir gekk vel og börnin meðvitund um umhverfið og náttúruna. Börnin meðvitund með flokkun og mikilvægi þess að vera græn. Markmiði Grænfánanum náð. |
| Barnasáttmálinn             | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.                   | Ekki var unnið skipulagt starf í kringum Barnasáttmálann. Plaggöt hanga upp á deild og börnin skoða þau reglulega.                                                                                       | Deildarstjóri og deildar-starfsfólk. | Sept 2020 | Maí 2021  | Á ekki við.                                         | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum. Vinna má mun betur að barnasáttmálanum og fá betri fræðslu.                                               |
| Félagsfærni                 | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið.                | Verkefnið fór aldrei af stað. Þarf að kynna betur fyrir starfsfólki á deildum. Þó var sífellt verið að huga að félagsfærni barnanna þó það væri ekki með skipulögðum hætti.                              | Deildar-starfsfólk                   | Sept 2020 | Júní 2021 | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildarfundum. | Betri félagsfærni og sjálfsvitund barna á deildum. Að einhverju leyti er markmiði náð þar sem félagsfærni hefur aukist.                                   |



### 3 Innra mat Langisandur

Á Langasandi eru að jafnaði 22 börn, fædd á árunum 2016-2017. Með þessum barnahópi fylgja að jafnaði fjórir starfsmenn, deildarstjóri og þrír starfsmenn. Starfsmannabreytingar áttu sér stað inn á Langasandi en deildin stóð þær af sér og allt gekk sinn vanagang. Barnahópurinn er mjög fjölbreyttur og nokkuð er um börn af erlendum uppruna, út frá því var málörvunarhópur skipulagður einu sinni viku og stuðst var við myndrænt dagskipulag. Aðlögun nýrra barna og aðlögun á milli deilda gekk vel og strax eftir hana fór hópastarf og útikennslan af stað. Börnin voru með ótrúlega aðlögunarhæfni og vöndust breytingum fljótt en covid19 lét okkur aðeins finna fyrir því. En vel hefur tekist að vinna eftir þáttum námskrár. Útikennslan fékk aukna áherslu kannski út á áhugasviði starfsmanna. Í byrjun skólaárs valdi barnahópurinn tré sem var heimsótt reglulega yfir veturinn og fylgst með breytingum. Settar voru niður kartöflur í byrjun sumars og sáð fyrir sumarblómum.

Starfsmannahópurinn var mjög samstíga og vann vel saman. Allt var vel skipulagt og hver starfsmaður vissi til hvers var ætlast af sér. Starfsfólk var eina viku í seinn með ákveðið svæði, hreyfing, listasmiðja eða starf inn á deild og svo var rúllað. Undirbúningstími starfsmanna gekk upp sem og stytting vinnuvikunnar. Deildarstjóri tók undirbúning helst á einum degi og svo voru aðrir starfsmenn í undirbúningi á morgnana. Miklir álagspunktur komu upp inn á milli eins og með búningagerðinni fyrir öskudaginn og jólaverkstæðinu en þá reyndi á samvinnuna. Reynt var eftir bestu getu að vinna með helstu uppákomur í hópastarfi, eins og sjómannadaginn, 17. júní og svo framvegis.

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                 | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                             | Ábyrgð                                       | Hefst        | Lokið        | Hvernig<br>metið/aðferðir?                         | Viðmið um<br>árangur                                 |
|-----------------------------|------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------|--------------|--------------|----------------------------------------------------|------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Að börnin öðlist<br>umhverfis-<br>vitund og njóti<br>þess að vera úti. | Alla jafna<br>vikulega var<br>útikennsla, aðra<br>hvora viku út<br>fyrir lóðina og<br>hina vikuna í<br>heimagarði. | Deildarstjóri og<br>deildar-starfs-<br>fólk. | Sept<br>2020 | Júní<br>2021 | Með<br>deildarfundum<br>og áhugasviði<br>barnanna. | Börnin eru spennt,<br>hlakka til og eru<br>áhugasöm. |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist<br>umhverfis-<br>vitund og betri                      | Deildarstjóri<br>kynnti verkefnið<br>fyrir starfsfólki.                                                            | Deildarstjóri og<br>deildar-starfs-<br>fólk. | Sept<br>2020 | Júní<br>2021 | Með<br>deildarfundum                               | Heilt yfir gekk vel og<br>börnin meðvituð um         |



|                 |                                                       |                                                                                                                                                              |                                       |            |            |                                                   |                                                 |
|-----------------|-------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|------------|------------|---------------------------------------------------|-------------------------------------------------|
|                 | virðingu fyrir umhverfinu.                            | Deildin úthlutaði börnunum og nefndu aðstoðarkennara sem fengu verkefni sem tengdust græn-fánanum. Unnið var með litlu moldvörpunu og ræktun upp úr febrúar. |                                       |            |            | og hugmyndasöfnun                                 | umhverfið og náttúruna                          |
| Barnasáttmálinn | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.    | Ekki var unnið skipulagt starf í kringum Barnasáttmálann. Plaggöt hanga upp á deild og börnin skoða þau reglulega.                                           | Deildarstjóri og deildar-starfs-fólk. | Sept 2020  | Maí 2021   | Á ekki við.                                       | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum. |
| Félagsfærni     | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið. | Verkefnið fór aldrei af stað. Þarf að kynna betur fyrir starfsfólki á deildum                                                                                | Deildar-starfsfólk                    | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildarfundi | Betri félags-færni barna á deildum.             |

## 4 Innra mat Ás

Á Ási eru að jafnaði 18 börn, fædd á árunum 2016-2018. Með þessum barnahópi fylgja að jafnaði fjórir starfsmenn. Starfsmennabreytingar áttu sér stað um mitt skólaár sem hafði áhrif á starf deildarinnar og svo má ekki gleyma heimsfaraldrinum Covid19 sem einkenndi smá skólaárið 2020-2021. Aðlögun á nýjum börnum gekk þó vel. Deildarfundir eru háðir útiveru barnanna og í vetur voru veðurskilyrði óhagstæð sem bitnuðu á deildarfundum og tíðni þeirra. Deildarfundir eru mikilvægir til að halda uppi faglegu/skipulögðu starfi og þá sérstaklega þegar verið er að taka á móti nýju starfsfólki.

Það sem starfsfólkið á Ási vantaði hvað mest var betri leiðsögn og fræðsla á matsþáttum starfsáætlunar. Starfsfólk Áss er á því að setja þurfi skýr markmið sem allir eru meðvitaðir um og vinna með skipulögðum hætti að þeim. Jólaverkstæðið var covid19- miðað þetta skólaárið sem setti aukið álag á deildina en ofan á það var mikið um nýja starfsmenn sem fengu litla sem enga leiðsögn varðandi jólaverkstæðið. Í lok skólaárs var sett aukin áhersla á ferðir og fékk deildin smá leiðsögn. Miðvikudagar urðu ferðadagar fyrir börnin en byrjað var á göngutúrum í nærumhverfi sem þróaðist í strætóferðir.

Sjálfhjálpin og félagsfærnin stóð hvað mest upp úr á Ási þetta skólaár. Frábærlega hefur gengið að efla sjálfhjálp barnanna í fataklefanum og þar hefur viðmót þeirra breyst mjög mikið og þau mjög stolt af sínum framförum. Áhersla var sett á hnífapör, vera snyrtilegur við matarborðið og ganga frá eftir sig. Svo má ekki gleyma sjálfhjálpinni á klósettinu en flest börn eru án bleyju og mikil áhersla er lögð á handþvott.

Á Ási er mjög fjölbreyttur barnahópur en næstum helmingur barnanna er ekki með íslensku að móðurmáli sem getur skapað **smá þirring og gremju** inn á deild. Deildin og uppsetning hennar er ekki mjög hentug þegar taka þarf börn smá afsíðis **en það sést langar leiðir** að mörg börn þurfa málörvun sem standa þarf vel að. Ásamt því eru börn komin í greiningarferli hjá sérkennslustjóra. Vegna fjölbreytileika barnahópsins hafa stórar samverustundir reynst erfiðar en á sama tíma hefur það líka reynst erfitt að vera með smærri samverustundir vegna húsnæðis.

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri<br>til umbóta                                                                 | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                        | Ábyrgð                             | Hefst     | Lokið     | Hvernig<br>metið/aðferðir?                | Viðmið um<br>árangur                                                                                                        |
|-----------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|-----------|-----------|-------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Vera með skipulagða útikennslu og kynna börnin fyrir náttúrunni og þeirra nærumhverfi. | Útikennslan þetta skólaár var ekki með skipulögðum hætti. Með vorinu 2021 var byrjað að fara í ferðir. Gott væri að vera með skýr markmið og festa hana í dag-skipulagi. Fræða svo starfsmenn um útikennsluna | Deildarstjóri og deildarstarfsmenn | Sept 2020 | Júní 2021 | Með deildarfundum og áhugasviði barnanna. | Að börnin séu spennt og hlakka til, eru áhugasöm. Ekki tókst að ná tilsettum markmiðum með útikennsluna.                    |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist umhverfis-vitund og betri virðingu fyrir umhverfinu.                  | Ekki hefur verið unnið með skipulögðum hætti að grænfánanum og starfsfólk ekki fengið fræðslu. Allir starfsmenn þurfa fá fræðslu og svo búa til verkefni fyrir börnin tengt grænfánanum.                      | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk | Sept 2020 | Sept 2021 | Á ekki við.                               | Að börnin séu meðvituð um náttúruna og hvernig á að fara með hana. Ekki tókst að ná tilsettum markmiðum varðandi Grænfánann |



|                 |                                                       |                                                                                                                                                                                                                                  |                                      |            |           |                 |                                                                                                                                                                    |
|-----------------|-------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------|------------|-----------|-----------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Barnasáttmálinn | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.    | Ekki var unnið skipulagt starf í kringum barnasáttmálann. Vantar þar fræðslu fyrir starfsmenn og gera verkefnið sýnilegra inn á deild til dæmis með plaggötum og lestri.                                                         | Deildarstjóri og deildarstarfs-fólk. | Sept 2020  | Maí 2021  | Á ekki við.     | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum. Ekki tókst að ná tilsettum markmiðum Barnasáttmálans þar sem ekki var unnið með verkefnið.                         |
| Félagsfærni     | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið. | Verkefnið fór í raun aldrei af stað. Þarf að kynna betur fyrir starfsfólki á deildum. Fenginn var fyrirlestur en seinni hluti hans féll niður vegna covid19. Þrátt fyrir það var félagsfærni alltaf ofarlega í huga starfsmanna. | Deildarstarfsfólk                    | Ágúst 2020 | Júní 2021 | Á deildarfundum | Betri félags-færni barna, almenn ánægja og sjálfstraust. Að vissu leiti var unnið með félagsfærni barnanna en ekki með eins skipulögðum hætti og lagt var upp með. |

## 5 Innra mat Langholt

Á Langholti eru að jafnaði 18- 19 börn fædd á árunum 2018-2019. Með þessum barnahópi fylgdu að jafnaði fjórir starfsmenn, deildarstjóri og þrír starfsmenn. Nokkuð var um starfsmannabreytingar inn á Langholti þetta skólaár, starfsmenn færðir á milli deilda, nýr starfsmaður kom eftir jól og annar fór í fæðingarorlof sem raskaði starfi deildarinnar. Aðlögun nýrra starfsmanna tók fremur langan tíma sem setti stórt strik í reikninginn. Aðlögun á nýjum börnum var regluleg sem var ekki ákjósanlegt og auðvitað erfitt að vera í aðlögun og halda uppi skipulögðu starfi. Aðlögun var covid19-miðuð sem reyndist sumum börnin ekki góð enda drógst hún mjög á langinn. Samsetning á barnahópi var erfið, strákahópurinn var stór og börn í skoðunarferli hjá sérkennslustjóra. Heimsfaraldurinn setti auðvitað stórt strik í reikninginn sem hafði áhrif á skipulagt starf þetta skólaár. Jólaverkstæðið sem er mjög skemmtilegt verkefni var til dæmis án foreldra sem gekk þó ágætlega og svo bættist smá auka álag á starfsmenn þegar foreldrar máttu ekki koma inn í leikskólann.

Markmið starfseminnar á Langholti er að stuðla að sjálfshjálpi, málörvun og sköpun í gegnum leik. Börn verða hvött til þess að efla getu sína og færni í þeim fjölbreyttu verkefnum sem leikskóladagurinn hefur upp á að bjóða. Með sjálfshjálpi er átt við athafnir s.s. að matast,

klæðast, leika, skapa o.s.frv.. Innan markmiða um málörvun er að útbúa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til þess að læra tungumálið s.s. í gegnum söng, hlustun og samræður. Með sköpun fá börnin tækifæri til þess að njóta, tjá og hafa skoðanir á því sem við erum að gera í gegnum leik og list.

Starfsmenn deildarinnar þekktu ekki til einkunnarorða leikskólans og var því ákveðið að gera þau sýnilegri inn á deild og vinna fleiri verkefni með þau.

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                                 | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                          | Ábyrgð                              | Hefst      | Lokið     | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                                                         | Viðmið um<br>árangur                                                                                                            |
|-----------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|------------|-----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Vera með skipulagða útikennslu og kynna börnin fyrir náttúrunni og þeirra nærumhverfi. | Því miður gekk útikennslan ekki eins og upp var lagt með. Þegar leið á var þó farið í göngutúra í nærumhverfi leikskólans. Leggja þarf meiri áherslu á útikennslu og framkvæma hana með skipulagðari hætti, ákveða fasta daga og svo framvegis. | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk. | Sept 2020  | Júní 2021 | Hefði verið gott að nýta deildarfundir til að fara yfir útikennsluna en annað fékk forgang á þeim. | Að börnin séu spennt og hlakka til, eru áhugasöm. Ekki tókst að ná tilsettum markmiðum útikennslunnar.                          |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist umhverfis-vitund og betri virðingu fyrir umhverfinu.                  | Ekki hefur verið unnið með skipulögðum hætti að grænfánanum og starfsfólk ekki fengið fræðslu. Allir starfsmenn þurfa fá fræðslu og svo búa til verkefni fyrir börnin tengt grænfánanum.                                                        | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk  | Sept 2020  | Sept 2021 | Á ekki við.                                                                                        | Að börnin séu meðvituð um náttúruna og hvernig á að fara með hana. Ekki tókst að ná tilsettum markmiðum og vinna með Grænfánann |
| Barnasáttmálinn             | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.                                     | Ekki var unnið skipulagt starf í kringum barnasáttmálann.                                                                                                                                                                                       | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk. | Sept 2020  | Maí 2021  | Á ekki við.                                                                                        | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum. Ekki tókst að ná tilsettum markmiðum Barnasáttmálans.                           |
| Félagsfærni                 | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið.                                  | Verkefnið fór í raun aldrei af stað. Þarf að kynna betur fyrir                                                                                                                                                                                  | Deildarstarfsfólk                   | Ágúst 2020 | Júní 2021 | Á deildarfundum                                                                                    | Betri félags-færni barna, almenn ánægja og sjálfstraust. Að                                                                     |



|         |                                                                                |                                                                                                                                                                   |                                     |            |           |                 |                                                                                                                                                                                    |
|---------|--------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|------------|-----------|-----------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|         |                                                                                | starfsfólki á deildum. Fenginn var fyrirlestur en seinni hluti hans féll niður vegna covid19. Þrátt fyrir það var félagsfærni alltaf ofarlega í huga starfsmanna. |                                     |            |           |                 | vissu leiti var unnið með félagsfærni barnanna en ekki með eins skipulögðum hætti og lagt var upp með.                                                                             |
| Samvera | Að samverustundir haldist reglulegar stundir þar sem sungið og lesið er saman. | Gekk vel að einhverju leiti. Mikilvægt að lesa og syngja saman en mætti þó tengja betur við þemu. Byrjað var að syngja oftari en svo tók lesturinn við.           | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk. | Ágúst 2020 | Júní 2021 | Á deildarfundum | Að börnin njóti samverustundanna og taki þátt í þeim. Að jafnaði eru samverustundir 1x á dag sem hefur að mestu leiti gengið upp. Þó vantar smá upp á skipulagðari samverustundir. |

## 6 Innra mat Álfabrekka

Á Álfabrekku eru 19 börn fædd árið 2019. Með þessum barnahópi fylgja að jafnaði 4 starfsmenn, deildarstjóri og þrír starfsmenn. Skólaárið gekk ágætlega, eftir áramót var farið í aðlögun barna á milli deilda og eftir þá aðlögun var samsetning barna á deildinni mjög erfið. Starfið þetta skólaár var fremur krefjandi vegna skorts á starfsfólki, nýliðafræðsla var í seinni kantinum sem setti strik á faglegt starf og svo voru deildarfundir fáir og undirbúningur starfsmanna lítill sem enginn. Það hefur verið mikið álag á deildinni sem hefur skapað smá streitu og þar á ofan bættist heimsfaraldurinn Covid-19 ofan á allt. Veður yfir vetratímann gerði það að verkum að útiveran féll að einhverju leiti niður og meira var um inniveru. Yfir skólaárið var mikil áhersla sett á Grænfánann enda lá áhugasvið starfsmanna þarf, ræktuð var paprika, tómatar, steinselja og kartöflur svo var mikið lagt upp úr flokkun á rusli og úrgangi.

Markmið starfseminnar á Álfabrekku er að stuðla að sjálfshjálpi, málörvun og sköpun í gegnum leik. Börn eru hvött til þess að efla getu sína og færni í þeim fjölbreyttu verkefnum sem leikskóladagurinn hefur upp á að bjóða. Með sjálfshjálpi er átt við athafnir s.s. að matast, klæðast, leika, skapa o.s.frv.. Innan markmiða um málörvun er að útbúa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til þess að læra tungumálið s.s. í gegnum söng, hlustun og samræður. Með



sköpun fá börnin tækifæri til þess að njóta, tjá og hafa skoðanir á því sem við erum að gera í gegnum leik og list.

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri<br>til umbóta                                                                    | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                             | Ábyrgð                              | Hefst      | Lokið      | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                      | Viðmið um<br>árangur                                               |
|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|------------|------------|-----------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Halda uppi skipulagðri útikennslu og kynna börnin fyrir náttúrunni og þeirra nærumhverfi. | Útikennslan á deildinni fór vel af stað. Farið var í göngutúra í stóra garði, teknar upp kartöflur, unnum með laufblöðin og skoðuðum fugla. Með vetrinum var mikið leikið í snjónum en þó dró út útikennslunni sem hefði mátt fylgja betur eftir.                                                  | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk  | Sept 2020  | Júní 2021  | Með deildar-fundum og áhugasviði barnanna.                      | Að börnin séu spennt og hlakki til, eru áhugasöm.                  |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist umhverfis-vitund og betri virðingu fyrir umhverfinu.                     | Miðað við aldur barnanna á deildinni hefur Grænfánanum verið sinnt. Mikið grænmeti hefur verið ræktað og börn tekið með sér heim. Allt rusl er flokkað, pappír, plast og lífrænn úrgangur. Í föndri er mikið notast við verðlausan efnivið. Svo er farið sparlega með vatn og rafmagn inn á deild. | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk. | Sept 2020  | Júlí 2021  | Með deildar-fundum.                                             | Að börnin séu meðvituð um náttúruna og hvernig á að fara með hana. |
| Barnasáttmálinn             | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.                                        | Verkefnið var ekki framkvæmt inn á deild                                                                                                                                                                                                                                                           | Fagstjóri og deildarstjóri.         | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildar-fundi og fagfundi. | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum.                    |



|             |                                                       |                                                                                     |                                               |            |            |                                                   |                                                                                                                                                                |
|-------------|-------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|------------|------------|---------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|             |                                                       | þetta skólaár vegna skorts á fræðslu.                                               |                                               |            |            |                                                   | Ekki tókst að þessu sinni að ná markmiðum vegna skorts á fræðslu.                                                                                              |
| Félagsfærni | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið. | Verkefnið fór aldrei af stað þetta skólaár vegna skorts á fræðslu fyrir starfsmenn. | Fagstjóri, deildarstjóri og deildarstarfsfólk | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildarfundi | Betri félagsfærni barna á deildum. Auðvitað bættist félagsfærni barnanna með almennum þroska en með betri áherslu hefði mátt bæta félagsfærni barna enn meira. |

## 7 Innra mat Barnhóll

Á Barnhóli eru alls 10 börn fædd árin 2019-2020. Með þessum barnahópi fylgja að jafnaði þrír starfsmenn, deildarstjóri og tveir starfsmenn. Allt gekk sinn vanagang yfir skólaárið en deildin er fremur lítil svo andrúmsloftið þar með þremur starfsmönnum og 10 börnum er mjög rólegt.

Markmið starfseminnar á Barnhóli er að stuðla að sjálfshjálpi, málörvun og sköpun í gegnum leik. Börn eru hvött til þess að efla getu sína og færni í þeim fjölbreyttu verkefnum sem leikskóladagurinn hefur upp á að bjóða. Með sjálfshjálpi er átt við athafnir s.s. að matast, klæðast, leika, skapa o.s.frv.. Innan markmiða um málörvun er að útbúa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til þess að læra tungumálið s.s. í gegnum söng, hlustun og samræður. Með sköpun fá börnin tækifæri til þess að njóta, tjá og hafa skoðanir á því sem við erum að gera í gegnum leik og list.



| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri<br>til umbóta                                                                    | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                   | Ábyrgð                                        | Hefst      | Lokið      | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                      | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                           |
|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|------------|------------|-----------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Halda uppi skipulagðri útikennslu og kynna börnin fyrir náttúrunni og þeirra nærumhverfi. | Var erfitt í framkvæmd. Aðlögun nýrra barna dróst á langinn. Nýju börnin í yngri kantinum og ráða ekki við útikennslu                                                                                                    | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk            | Jan 2021   | Júní 2021  | Með deildar-fundum og áhugasviði barnanna.                      | Að börnin séu spennt og hlakka til, eru áhugasöm. Vegna aldurs á börnum tókst ekki að ná tilsettum markmiðum.                                                  |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist umhverfis-vitund og betri virðingu fyrir umhverfinu.                     | Miðað við aldur barnanna á deildinni hefur Grænfánanum verið sinnt. Á deildinni er rusl flokkað, fönðrað er með verðlausan efnivið og pappamassi þar skemmtilegur. Börnin sá fyrir sumarblómum og setja niður kartöflur. | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk.           | Sept 2020  | Júlí 2021  | Með deildar-fundum.                                             | Að börnin séu meðvituð um náttúruna og hvernig á að fara með hana.                                                                                             |
| Barnasáttmálinn             | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.                                        | Verkefnið var ekki framkvæmt inn á deild þetta skólaár vegna skorts á fræðslu.                                                                                                                                           | Fagstjóri og deildarstjóri.                   | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildar-fundi og fagfundi. | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum. Ekki tókst að þessu sinni að ná markmiðum vegna skorts á fræðslu.                                              |
| Félagsfærni                 | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið.                                     | Verkefnið fór aldrei af stað þetta skólaár vegna skorts á fræðslu fyrir starfsmenn. Þrátt fyrir það er alltaf unnið með sjálfsmynd og félagsfærni barnanna, hvetja þau til að gera sjálf og hrósa þeim.                  | Fagstjóri, deildarstjóri og deildarstarfsfólk | Sept 2020  | JnÍ 2021   | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildarfundi               | Betri félagsfærni barna á deildum. Auðvitað bættist félagsfærni barnanna með almennum þroska en með betri áherslu hefði mátt bæta félagsfærni barna enn meira. |



## 8 Innra mat Dyngja

Á Dyngju eru að jafnaði 15 börn fædd á árunum 2019-2020. Með þessum barnahópi fylgja að jafnaði fimm starfsmenn, deildarstjóri og fjórir starfsmenn. Starfsmenn á Dyngju eru nokkrir í hlutastarfi sem felur í sér púsluspil frá degi til dags. Óháð því hélst starfsmannahópurinn nokkuð stöðugur. Aðlögun barna á Dyngju gekk vel en var þó covid-19 miðuð þar sem foreldrar fengu ekki að koma inn í bygginguna. Þrátt fyrir það gekk aðlögunin vel nema tók aðeins lengri tíma og átti það líka við um aðlögun á milli deilda. Barnahópurinn á Dyngju **þetta skólaár** var fjölbreytilegur og skemmtilegur. Starfsfólk á Dyngju þekkir allt einkunnarorð leikskólans: Virðing, sköpun og gleði

Markmið starfseminnar á Dyngju er að stuðla að sjálfshjálp, málörvun og sköpun í gegnum leik. Börn eru hvött til þess að efla getu sína og færni í þeim fjölbreyttu verkefnum sem leikskóladagurinn hefur upp á að bjóða. Með sjálfshjálp er átt við athafnir s.s. að matast, klæðast, leika, skapa o.s.frv.. Innan markmiða um málörvun er að útbúa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til þess að læra tungumálið s.s. í gegnum söng, hlustun og samræður. Með sköpun fá börnin tækifæri til þess að njóta, tjá og hafa skoðanir á því sem við erum að gera í gegnum leik og list.

Þegar líður að Öskudeginum hafa öll börn leikskólans hannað og saumað sína búninga. Börnin á Dyngju er of ung fyrir það verkefni og því var ákveðið að minnka þær áherslur á yngri börnin og þau kæmu með bol að heiman til að mála, líma eða klippa. Mikilvægt er að halda sköpuninni hjá börnunum og því á þeirra getustigi. Jólaverkstæðið var covid-19 miðað og því með öðrum hætti en vanalega gekk það þó upp og allir ánægðir.

Dyngja var með samveruna í umbótaþætti í síðustu starfsáætlun og gekk það að settum markmiðum. Samverur voru fastar á hverjum degi með markvissum söng og lestri bóka svo var Lubbi fléttaður inn í þetta en þessi vinna gekk mjög vel.

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                                    | Aðgerðir<br>til umbóta                                                                                                                                                                                                    | Ábyrgð                                        | Hefst      | Lokið      | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                      | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                            |
|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|------------|------------|-----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Útikennsla                  | Halda uppi skipulagðri útikennslu og kynna börnin fyrir náttúrunni og þeirra nærumhverfi. | Var erfitt í framkvæmd. Aðlögun nýrra barna dróst á langinn. Nýju börnin í yngri kantinum og ráða ekki við útikennslu                                                                                                     | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk            | Jan 2021   | Júní 2021  | Með deildar-fundum og áhugasviði barnanna.                      | Að börnin séu spennt og hlakka til, eru áhugasöm. Vegna aldurs á börnum tókst ekki að ná tilsettum markmiðum.                                                   |
| Grænfáninn                  | Að börnin öðlist umhverfis-vitund og betri virðingu fyrir umhverfinu.                     | Miðað við aldur barnanna á deildinni hefur Grænfánanum verið sinnt. Á deildinni er rusl flokkað, fönndrað er með verðlausan efnivið og pappamassi þar skemmtilegur. Börnin sá fyrir sumarblómum og setja niður kartöflur. | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk.           | Sept 2020  | Júlí 2021  | Með deildar-fundum.                                             | Að börnin séu meðvituð um náttúruna og hvernig á að fara með hana.                                                                                              |
| Barnasáttmálinn             | Að börn geri sér grein fyrir sínum rétti í lífinu.                                        | Verkefnið var ekki framkvæmt inn á deild þetta skólaár vegna skorts á fræðslu.                                                                                                                                            | Fagstjóri og deildarstjóri.                   | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildar-fundi og fagfundi. | Betri vitund meðal barna á sínum mannréttindum. Ekki tókst að þessu sinni að ná markmiðum vegna skorts á fræðslu.                                               |
| Félagsfærni                 | Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið.                                     | Verkefnið fór aldrei af stað þetta skólaár vegna skorts á fræðslu fyrir starfsmenn. Þrátt fyrir það er alltaf unnið með sjálfsmynd og félagsfærni barnanna, hvetja þau til að gera sjálf og hrósa þeim.                   | Fagstjóri, deildarstjóri og deildarstarfsfólk | Sept 2020  | Júní 2021  | Á ekki við. Hefði verið gott að nýta deildarfundi               | Betri félags-færni barna á deildum. Auðvitað bættist félagsfærni barnanna með almennum þroski en með betri áherslu hefði mátt bæta félagsfærni barna enn meira. |
| Samverur                    | Að samverustundir haldist reglulegar stundir þar sem                                      | Mikilvægt að lesa og syngja saman en mætti þó tengja betur við þemu.                                                                                                                                                      | Deildarstjóri og deildarstarfsfólk            | Ágúst 2020 | Júní 2021  | Á deildarfundum                                                 | Að börnin njóti samverustundanna og taki þátt í þeim. Að jafnaði eru samverustundir 1x á dag sem hefur að                                                       |



|  |                              |                                                               |  |  |  |  |                           |
|--|------------------------------|---------------------------------------------------------------|--|--|--|--|---------------------------|
|  | sungið og lesið<br>er saman. | Byrjað var að<br>syngja oftár<br>en svo tók<br>lesturinn við. |  |  |  |  | mestu leyti gengið<br>upp |
|--|------------------------------|---------------------------------------------------------------|--|--|--|--|---------------------------|



## 9 Innra mat sérkennslu

Greinargerð frá sérkennslustjóra 2020-2021

Á þessu skólaári voru alls 9 börn með úthlutaðan tíma til sérkennslu/stuðnings. Þrjú þeirra í 1. flokki, þar af eitt barn með 8 tíma stuðning og tvö börn með 6 tíma stuðning. Sex börn fengu úthlutað samkvæmt öðrum flokki og fengu mismunandi mikinn tíma eða frá 2-4 tímum á dag. Þrátt fyrir það eru nokkur börn í athugunarferli.

Þeir sem störfuðu við sérkennsluna á þessu tímabili voru einn sérkennslustjóri og fjórir þjálfar en auglýst hefur verið eftir fleiri þjálfum en án árangurs.

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.- Lögð er áhersla á að grípa sem fyrst inn í þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að hjá barni í leikskólanum. Málörvun fer fram inni á deildum og í öllum eðlilegum aðstæðum. Lögð er áhersla á að starfsmenn deilda gefi sig sérstaklega að þeim börnum sem eiga erfitt með málið, stutta stund á degi hverjum- „Gefa 10“ Rætt er um að setja orð á alla hluti. Einnig eru notaðar Pecs myndir og ljósmyndir til að hafa skilaboðin skýrari fyrir þá sem þess þurfa.

Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu? Þjálfar útbúa einstaklingsnámskrá í samvinnu við sérkennslustjóra og ráðgjafa frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar. Námskráin er nýtt til að meta framfarir barna og ný markmið eru sett þegar barnið hefur náð þeim markmiðum sem eru í áætluninni. Ef barn nær ekki markmiðum þá er skoðað hvað gæti valdið því og hvort það þurfti að finna aðrar aðferðir við kennsluna.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.- Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna sem njóta sérkennslu. Sérkennslustjóri og þjálfari barns mætir á slíka fundi auk deildarstjóra og stundum kemur leikskólastjóri líka. Sérkennslugjafar frá þjónustumiðstöð eru oftast með á þessum fundum en ekki alltaf. Það er misjafnt hversu oft þarf að funda út af hverju barni sem nýtur sérkennslu en algengt er að hittast á 6 vikna fresti. Þetta er metið með sérkennsluráðgjöfum og foreldrum.

Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir.- Sérkennslustjóri heldur utan um samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir. Það er mikið haft samband við þjónustumiðstöð.

Hingað í Sunnuás koma tveir sérkennsluráðgjafar reglulega eða á ca. 6 vikna fresti til að fylgjast með hverju barni sem er í sérkennslu. Auk þess koma sálfræðingar til að meta börn og veita ráðgjöf og/eða hegðunarráðgjöf þegar þörf er á. Varðandi aðrar stofnanir þá er oft haft samband við talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjupjálfa. Einnig er samstarf við skammtíma vistarir þegar það á við. Heilsugæslustöðvar hafa oft samband við okkur og tala þá ýmist við deildarstjóra eða sérkennslustjóra.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur. – Sérkennslustjóri situr fundi með deildarstjórnunum á hverjum morgni þar sem færi gefst á að fara yfir verkefnastöðu dagsins/vikunnar. Einnig situr sérkennslustjóri deildarstjórafundum og almenna starfsmannafundi. Sérkennslustjóri leggur áherslu á að deildarstjórar hafi samband ef áhyggjur vakna varðandi ákveðin börn. Unnið er eftir ákveðnu ferli í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Snemmtæk íhlutun fer eftir vandamálum hverju sinni en algengast er að um sé að ræða málerfiðleika, þroska-skerðingu eða erfiða hegðun. Ráðgjöf og stuðningur fer eftir eðli mála en oft er leitað til sálfræðinga og sérkennsluráðgjafa. Sérkennarar fá stuðning og leiðbeiningar frá sérkennslustjóra eins og þurfa þykir og sækja ýmis námskeið. Dæmi um námskeið eru: Námskeið um atferlipjálfun og/eða skráningarnámskeið hjá Greiningar og ráðgjafastöð, Þecs námskeið, námskeið í að nota VB Mapp, Aeps listann og TRAS listann.

Umbótaþættir út frá innra mati.- Það sem við í sérkennslunni viljum bæta er að fá deildarfundum fyrir starfsmenn sérkennslunnar. Á þeim fundum væri miðlað upplýsingum um það sem unnið er með í sérkennslunni og komið með tillögum sín á milli. Væri gott að hafa þessa fundum fyrir starfsmenn sérkennslunnar á 4-6 vikna fresti.

Upplýsingaflæði þarf að vera fullkomið og þar þarf að passa að deildarstjóri fái skriflega áhersluatriði varðandi börnin sem unnuð er með í sérkennslu. Þeir þurfa síðan að miðla þeim upplýsingum til deildarstarfsmanna. Auk þess að deildarstjórar hafi aðgang að sérkennslustjóra þegar þess gerist þörf í daglegu starfi, þá fundi hver og einn deildarstjóri með sérkennslustjóra 1x í mánuði. Í ákveðnum tilfellum væri gott að hafa leikskólastjóra með á þeim fundum, einkum ef fjallað er um flókin vandamál.

## Mat á sérkennslu 2020-2021

|                                   |                                                                                 |
|-----------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|
| Skipulagning sérkennslu 2020-2021 | Skipulag sérkennslunnar er nokkuð skýr. Í sérkennslunni starfa fimm starfsmenn, |
|-----------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|



|                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | sérkennslustjóri og fjórir þjálfar. Þjálfarnir skiptu á milli sín þeim börnum sem eru með úthlutaðan tíma. Sérkennslan útbýr einstaklingsáætlun í samvinnu við þjónustumiðstöð Reykjavíkur. Mismunandi er eftir þörfum barns hvort stuðningur/þjálfun á sér stað innan eða utan deildar. Í flestum tilvikum er reynt að finna góðan milliveg innan sem utan deildar. Sérkennslan hefur það að markmiði að leyfa þeim börnum sem eru með stuðning/þjálfu að taka þátt í öllu því sem þau hafa tök á og sérstaklega ef þau njóta þess. |
| <b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b><br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.                                                                               | Sérkennslan notaði Pecs sjónrænt skipulag og svo var líka stuðst við VB Mapp, Aeps listann og TRAS listann.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <b>Hvaða námsefni var notað?</b><br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?                                                                                        | Námsefni er mjög fjölbreytt hverju sinni. Sérkennsla á ipada og notar þá ásamt fullt af öðru námsefni. Fyrir þetta skólaár var ekki keypt námsefni fyrir sérkennsluna.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                | Tækifæri til umbóta                                                                                                          | Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                      | Ábyrgð                             | Hefst     | Lokið    | Hvernig metið/aðferðir?                                                          | Viðmið um árangur                                                                   |
|--------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|-----------|----------|----------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Deildarfundir með deildum                  | Að sérkennslu-starfsfólk, sérkennslustjóri og þjálfar fá að sitja deildarfundir þeirrar deildar sem barn með stuðningi er á. | Með því að vera með deildarfundir hveir deildar skipulagða og fastan lið. Svo er mikilvægt að deildarstjórar fái skriflega þær áherslur með hvernig unnið er með börnin í sérkennslunni. | Sérkennslustjóri og deildarstjóri. | Sept 2021 | Mai 2022 | Sérkennslustjóri metur hvort innkoma þeirra á deildarfundir sé að skila árangri. | Að allir séu vel upplýstir um þau börn sem eru með stuðning og þarfir þeirra.       |
| Fundir sérkennslustjóra með deildarstjórum | Að sérkennslustjóri fái tíma til að hitta deildarstjóra. Svo allir séu vel inn í málum                                       | Finna fasta tíma fyrir fundir sérkennslustjóra og deildarstjóra.                                                                                                                         | Sérkennslustjóri og deildarstjóri. | Sept 2021 | Mai 2022 | Sérkennslustjóra metur hvort fundir hennar og deildarstjóra hafi skilað árangri  | Að allir séu vel upplýstir varðandi þau börn sem eru með stuðning og þarfir þeirra. |



|                                |                                                                                                                                                               |                                                                                                                           |                                    |           |          |                                                                                                                                                                |                                                                                         |
|--------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|-----------|----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|
| Deildarfundir fyrir sérkennslu | Að þeir starfsmenn sem vinna innan sérkennslunnar fái tíma til að setjast niður saman og tjá sig. Fá aukið upplýsingaflæði og ná að draga hópinn betur saman. | Að sérkennslan sé með fastan tíma í skipulagi á ca 4-6 vikna fresti. Þá mun deildir sjá um þau börn sem eru með stuðning. | Sérkennslustjóri og deildarstjórar | Sept 2021 | Mai 2022 | Sérkennslustjóri metur hvort þessir fundir sérkennslunnar séu að skila sér. Hægt væri að taka samræðu um mikilvægi þessara funda á sjálfum sérkennslufundunum. | Að allir séu vel upplýstir og upplýsingaflæði starfsmanna innan sérkennslunnar sé gott. |
|--------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|-----------|----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|

## 10 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Í leikskólanum var enginn tengiliður fjölmennningar sem starfsmaður sem sá um fjöltyngd börn. Svo að svo stöddu er lítið um þekkingu hvernig mat á málörvun og virkni þátttöku fjöltyngdra barna var háttað skólaárið 2020-2021. Í umbótaáætlun má sjá verulegar breytingar í þeim málum þar sem ráðinn hefur verið verkefnastjóri fjölmennningar sem mun hafa yfirumsjón með fjölmenningu og málörvun fjöltyngdra barna. Leikskólinn Sunnuás mun taka þátt í átaksverkefni þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar þar sem aukið áhersla verður lögð á fjöltyngd börn og þeirra fjölskyldur. Snemmtæk íhlutun verður ávallt til staðar og þar mun sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmennningar vinna saman.

|                                                                                                                                            |                                                                                                                                                                               |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?                                                    | Núverandi starfsmenn eru ekki með þá þekkingu.                                                                                                                                |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?                           | Leikskólinn vinnur og vann með Gefðu 10 og svo var lögð áhersla á að setja orð við allar athafnir.                                                                            |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna? | Innan leikskólans er ávallt áhersla á að dýpka orðaforða barnanna. Allar deildir voru með að minnsta kosti eina samveru á dag þar sem ýmist er sungið eða lesið fyrir börnin. |



|                                                                                                                                                                                                                                |                                                                       |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?                                                                                         | Að svo stöddu var ekki fylgst með framförum fjöltyngdra barna.        |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Að svo stöddu var ekki hugað að þáttum máls og virkri þátttöku barna, |

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                     | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                             | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Ábyrgð                                                   | Hefst     | Lokið    | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                                  | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                    |
|-------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|-----------|----------|-----------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Fjölmennning<br/>og snemmtæk<br/>íhlutun</b> | Að fylgjast með börnum af erlendum uppruna. Gera þeim grein fyrir þeirri þjónustu sem er til staðar á vegnum þjónustumiðstöðvar. Taka inn móttökuáætlun og hæfniramma til að fylgjast með málörvun. Skipuleggja Málörvun og fylgja eftir GEFÐU 10. | Að ráða inn starfsmann yfir fjölmennningunni. Sem verður tengiliður við þjónustumiðstöð og miðlar upplýsingum til deildarstjóra og starfsfólks. Verkefnið er ekki orðið 100% skýrt svo það verður gaman að sjá hvert það leiðir okkur. En mikil áhersla verður á málörvun. Við minnsta grun framfylgja honum, leyfa barni að njóta vafans. | Verkefnastjóri fjölmennningar og stjórnendur leikskólans | Sept 2021 | Maí 2022 | Ýmist metið á fagfundum, deildarfundum eða jafnvel með þjónustumiðstöðinni. | Almenn vellíðan hjá nýjum og erlendum börnum. Betra upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Að barn nái að fylgja eftir hæfniviðmiðum. |



## 10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fyrir skólaárið 2020-2021 fengu því miður að sitja á hakanum. Miklar breytingar urðu um mitt skólaár á sjálfri leikskólastjórastöðunni sem gerðu það að verkum að hvorki fyrri né nýi leikskólastjórinn komst í þessi samtöl. Núverandi leikskólastjóri tók þó alla deildarstjóra í ágætis viðtöl og fékk smá upplýsingar þar.

Fræðsla starfsmanna skólaárið 2020-2021 ágæt en hún beindist að mestu að þeim áherslum sem verða teknar upp með næsta skólaári. Starfsmenn leikskólans sækja ráðstefnur og námskeið eins og kostur er. Flestir deildarstjóranna skelltu sér á Vináttunámskeið á vegum Barnaheilla sem mun vera ein af áherslum komandi skólaárs, 2021-2022. Svo sóttu allir starfsmenn leikskólans Menntastefnumót Reykjavíkurborgar þann 10. maí sem er í tengslum við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Sérkennslan og starfsmenn hennar sóttu mörg og áhugasverð námskeið. Þrír sérkennslustarfsmenn sóttu VB Mapp námskeið sem Sigrún Kristjánsdóttir hélt. Ásamt því fór einn starfsmaður á Pecs grunnnámskeiðið hjá Sigrúnu Kristjánsdóttur sem og námskeið hjá Greiningar og Ráðgjafastöð Íslands: atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik. Að lokum voru þrír starfsmenn sérkennslunnar sem sóttu námskeiðið Skráning og þjálfun hjá Greiningar og Ráðgjafastöð Íslands. Sjálfur sérkennslustjórinn fór á vornámskeið hjá Greiningar og Ráðgjafastöð Íslands.

Skipulagsdagar þetta skólaár voru alls sex, þrír sameiginlegir með grunnskóla. Að svo stöddu er ekki mikil vitneskja hjá núverandi starfsfólki hvað fór fram á starfsdögum í byrjun skólaárs. Frá því að nýr leikskólastjóri tók við sinni stöðu hafa verið þrír starfsdagar.

- 8. janúar – Endurmat og umbótaþættir fyrir starfsáætlun
- 13. mars – Fyrirlestur um fjölmenningu
- 10. maí – Menntastefnumót Reykjavíkurborgar

## 11 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áherslur: Leikskólarnir Sunnuás, Brákarborg, Langholt og Vinagarður standa sameiginlega að samstarfi við Langholtsskóla og frístundamiðstöðina Glaðheima.



Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í Langholtsskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

Leiðir: Áætlun vegna samstarfs Sunnuáss og Langholtsskóla er að mestu í föstum skorðum og er nokkuð keimlík frá síðasta skólaári. Má þar m.a. nefna að elstu börn leikskólanna í hverfinu fara í heimsókn í Langholtsskóla í tilefni Dags íslenskrar tungu. Þar eru allir hóparnir 22 með atriði og fulltrúi Langholtsskóla er með kynningu um Jónas Hallgrímsson. Í desember er elsta árgangi barna í leikskólunum boðið í Langholtsskóla að sjá jólaleikrit 6. bekkjar. Í janúar koma nemendur í 1. bekk ásamt kennurum í heimsókn í gamla leikskóla barnanna. Þau leika sér saman og 1. bekkur afhendir boðskort vegna væntanlegrar skólaheimsóknar. Nemendur úr 7. bekk koma í heimsókn í leikskólana í mars og lesa fyrir börnin. Elstu börn leikskólanna og nemendur í 1. bekk hittast við ýmis tækifæri eins og á stóra leikjadeginum í Langholtsskóla og í Laugardalnum og skreyta tré. Skólastjóri í Langholtsskóla tekur á móti leikskólabörnunum þegar þau koma í fyrstu heimsókn og sýnir þeim skólann. Samráðsfundur kennara beggja skólastiga er haldinn að vori, fundarefni er endurmat samstarfsins á líðandi skólaári og næsta skólaár skipulagt. Frístundamiðstöðin Glaðheimar er þátttakandi í samstarfinu, heimsóknir barnanna þangað eru skipulagðar yfir skólaárið þar sem þau kynnast umhverfinu og starfsfólki.

Þetta samstarf á milli Sunnuáss og Langholtsskóla er mjög fast í skorðum og helst yfirleitt eins á milli skólaárs. Heimsfaraldurinn Covid19 gerði það að verkum að nokkrar heimsóknir féllu niður þetta skólaár en þegar faraldurinn var í lögð var það bætt upp með auknum heimsóknum.

## 12 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði Sunnuáss þetta skólaár voru þrír fulltrúar foreldra barna og leikskólastjóri. Í foreldraráð er kosið að jafnaði í september ár hvert á þar til boðuðum fundi. Foreldraráð leikskólans setur sér starfsreglur í samræmi við leiðbeinandi reglur Skóla og frístundasviðs. Foreldrafélag er alla jafna starfandi við leikskólann og aðalfundur þess er haldinn snemma á haustönn hvers leikskólaárs. Á aðalfundi er kosið í stjórn foreldrafélagsins og reynt eftir fremsta megni að í stjórnina fáið fulltrúar frá öllum deildum leikskólans. Í stjórn félagsins situr

jafnframt einn fulltrúi leikskólans. Stjórn foreldrafélagsins skal móta dagskrá komandi leikskólaárs á fyrsta fundi sínum eftir að hún kemur saman. Stjórnin tekur mið af hefðum og viðburðum fyrri ára. Foreldrafélagið hefur á undanförunum árum staðið fyrir ýmsum viðburðum börnunum til handa s.s leiksýningum, jóladansleik, vorferð og ásamt því hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftaferð elsta árgangs leikskólans. Þátttaka foreldrafélagsins í viðburðum tekur ávallt mið af fjárhagslegri stöðu þess. Í foreldrafélagið er innheimt árgjald sem er valfrjálst.

Foreldrafundir eru haldnir að hausti, í upphafi dags og eru deildarskiptir. Fundirnir eru nýttir til að kynna fyrir foreldrum fyrirkomulag dagskipulags og námskrá vetrarins af viðkomandi deildarstjóra. Foreldrar eru boðaðir í tvö samtöl/viðtöl á hverju skólaári þar sem rætt er um framvindu hvers barns og samstarf haft við þá um fleiri samtöl ef þurfa þykir.

### **13 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Búið er að setjast niður og ákveðna skipulagsdaga fyrir komandi skólaár 2021-2022. Alls hefur leikskólinn sex skipulagsdaga yfir skólaárið en þrír af þeim eru sameiginlegir með grunnskólanum í hverfinu.

27. ágúst 2021

15. október 2021

26. nóvember 2021- sameiginlegur með grunnskóla

3. janúar 2022- sameiginlegur með grunnskóla

18. mars 2022- sameiginlegur með grunnskóla

27. maí 2022



# 14 Fylgigögn

Samband íslenskra  
svettarfélagna

## Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

Sunnúas

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRIL | MAÍ  | JÚNÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|
| 1 S   | 1 M       | 1 F     | 1 M      | 1 M      | 1 L    | 1 Þ     | 1 Þ  | 1 F   | 1 S  | 1 M  |
| 2 M   | 2 F       | 2 L     | 2 Þ      | 2 F      | 2 S    | 2 M     | 2 M  | 2 L   | 2 M  | 2 F  |
| 3 Þ   | 3 F       | 3 S     | 3 M      | 3 F      | 3 M    | 3 F     | 3 F  | 3 S   | 3 Þ  | 3 F  |
| 4 M   | 4 L       | 4 M     | 4 F      | 4 L      | 4 Þ    | 4 F     | 4 F  | 4 M   | 4 M  | 4 L  |
| 5 F   | 5 S       | 5 Þ     | 5 F      | 5 S      | 5 M    | 5 L     | 5 L  | 5 Þ   | 5 F  | 5 S  |
| 6 F   | 6 M       | 6 M     | 6 L      | 6 M      | 6 F    | 6 S     | 6 S  | 6 M   | 6 F  | 6 M  |
| 7 L   | 7 Þ       | 7 F     | 7 S      | 7 Þ      | 7 F    | 7 M     | 7 M  | 7 F   | 7 L  | 7 Þ  |
| 8 S   | 8 M       | 8 F     | 8 M      | 8 M      | 8 L    | 8 Þ     | 8 Þ  | 8 F   | 8 S  | 8 M  |
| 9 M   | 9 F       | 9 L     | 9 Þ      | 9 F      | 9 S    | 9 M     | 9 M  | 9 L   | 9 M  | 9 F  |
| 10 Þ  | 10 F      | 10 S    | 10 M     | 10 F     | 10 M   | 10 F    | 10 F | 10 S  | 10 Þ | 10 F |
| 11 M  | 11 L      | 11 M    | 11 F     | 11 L     | 11 Þ   | 11 F    | 11 F | 11 M  | 11 M | 11 L |
| 12 F  | 12 S      | 12 Þ    | 12 F     | 12 S     | 12 M   | 12 L    | 12 L | 12 Þ  | 12 F | 12 S |
| 13 Þ  | 13 F      | 13 M    | 13 L     | 13 M     | 13 F   | 13 S    | 13 S | 13 M  | 13 F | 13 M |
| 14 L  | 14 Þ      | 14 F    | 14 S     | 14 Þ     | 14 F   | 14 M    | 14 M | 14 F  | 14 L | 14 Þ |
| 15 S  | 15 M      | 15 F    | 15 M     | 15 M     | 15 L   | 15 Þ    | 15 Þ | 15 F  | 15 S | 15 M |
| 16 M  | 16 F      | 16 L    | 16 Þ     | 16 F     | 16 S   | 16 M    | 16 M | 16 L  | 16 M | 16 F |
| 17 Þ  | 17 F      | 17 S    | 17 M     | 17 F     | 17 M   | 17 F    | 17 F | 17 S  | 17 Þ | 17 F |
| 18 M  | 18 L      | 18 M    | 18 F     | 18 L     | 18 Þ   | 18 F    | 18 F | 18 M  | 18 M | 18 L |
| 19 F  | 19 S      | 19 Þ    | 19 F     | 19 S     | 19 M   | 19 L    | 19 L | 19 Þ  | 19 F | 19 S |
| 20 M  | 20 M      | 20 M    | 20 L     | 20 M     | 20 F   | 20 S    | 20 S | 20 M  | 20 F | 20 M |
| 21 L  | 21 Þ      | 21 F    | 21 S     | 21 Þ     | 21 F   | 21 M    | 21 M | 21 F  | 21 L | 21 Þ |
| 22 S  | 22 M      | 22 F    | 22 M     | 22 M     | 22 L   | 22 Þ    | 22 Þ | 22 F  | 22 S | 22 M |
| 23 M  | 23 F      | 23 L    | 23 Þ     | 23 F     | 23 S   | 23 M    | 23 M | 23 L  | 23 M | 23 F |
| 24 Þ  | 24 F      | 24 S    | 24 M     | 24 F     | 24 M   | 24 F    | 24 F | 24 S  | 24 Þ | 24 F |
| 25 M  | 25 L      | 25 M    | 25 F     | 25 L     | 25 Þ   | 25 F    | 25 F | 25 M  | 25 M | 25 L |
| 26 F  | 26 S      | 26 M    | 26 F     | 26 S     | 26 M   | 26 L    | 26 L | 26 Þ  | 26 F | 26 S |
| 27 Þ  | 27 M      | 27 M    | 27 L     | 27 M     | 27 F   | 27 S    | 27 S | 27 M  | 27 F | 27 M |
| 28 L  | 28 Þ      | 28 F    | 28 S     | 28 Þ     | 28 F   | 28 M    | 28 M | 28 L  | 28 Þ | 28 Þ |
| 29 S  | 29 M      | 29 F    | 29 M     | 29 M     | 29 L   | 29 Þ    | 29 Þ | 29 F  | 29 S | 29 M |
| 30 M  | 30 F      | 30 L    | 30 Þ     | 30 F     | 30 S   | 30 M    | 30 M | 30 L  | 30 M | 30 F |
| 31 Þ  |           | 31 S    |          | 31 F     | 31 M   |         | 31 F | 31 Þ  | 31 Þ |      |

## 14.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





### **Fylgiskjal 3**

## **Starfsáætlun 2021 – 2022**

### **Sunnuás**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Helle Kristensen**  
**Karl Ásgeir Geirsson**  
**Líney Halla Kristinsdóttir**



Foreldraráð Sunnuáss lýsir ánægju með nýju áherslurnar fyrir næsta skólaár sem kynntar eru í umbótaáætlun leikskólans: Leikur að læra, vináttuverkefni Barnaheilla, fjölmennningarverkefni (í samstarfi við þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar) og að bæta skipulag og verkferla. Foreldraráðið hefur þó svolitlar áhyggjur af því hvað verður um áhersluna á útikennslu og umhverfismennt sem mikið hefur verið unnið með undanfarin ár. Í innra mati deilda kemur fram að vel hafi gengið að vinna með þetta verkefni á flestum deildum og að bæði börn og starfsfólk hafi sýnt því mikinn áhuga. Því væri leitt ef dregið verður úr því öfluga starfi á komandi skólaári.

Það er tilvalið að leggja aukna áherslu á fjölmenningarpáttinn, þar sem mörg tví- og fjöltyngd börn eru í leikskólanum. Það er slæmt að lesa að ekki hafi verið fylgst markvisst með framförum fjöltyngdra barna í leikskólanum til þessa. Fjölmenningarhugtakið er þó kannski svolítið misvísandi, þar sem áherslan virðist eingöngu liggja á málörvun og snemmtæka íhlutun gagnvart börnum af erlendum uppruna, en ekki endilega á að öll börn leikskólans kynnist því að lifa í fjölmenningsamfélagi „á jafnréttisgrundvelli“. Leikskólinn hefur vegna fjölbreytni í barnahópnum kjörið tækifæri til að vinna markvisst með fjölmenningu í víðara samhengi og vonandi verður það hluti af verkefninu líka.

Það er slæmt að lesa um manneklu, skort á fræðslu fyrir starfsfólk um áhersluverkefni leikskólans (sérstaklega Barnasáttmálann og félagsfærni) og óreglulega deildarfundir á síðasta skólaári. Slíkar aðstæður gera svo sannarlega starfsfólki erfitt fyrir að vinna faglegt starf. Eitthvað af þessu skrifast líklegast á aukið álag vegna Covid-19 og miklar breytingar í stjórnendateymi leikskólans. Vonandi tekst að bæta úr þessu, meðal annars með bættu skipulagi og skýrari verkferlum.

Að lokum vill foreldraráð benda á að ekki hefur verið starfandi foreldrafélag í Sunnuási í nokkur ár. Okkur finnst brýnt að stjórnendur leikskólans beiti sér fyrir því að manna foreldrafélagið sem fyrst.



